



## Möguleg viðmið við úthlutun og verðlagningu verðbréfa

Fyrirtækjaráðgjöf („FTR“) og Verðbréfamiðlun („VBM“) Íslandsbanka (hér eftir FTR og VBM sameiginlega nefnd „Íslandsbanki“) leiðbeina viðskiptavinum sínum um að þeir geti stuðst við neðangreindar meginreglur og viðmið þegar unnið er í verkefnum sem tengjast verðlagningu og úthlutun verðbréfa. Skjal þetta er útbúið fyrir viðskiptavinum FTR og VBM og er því hér eftir vísað til þeirra sem „viðskiptavinur“ eða „viðskiptavinur Íslandsbanka“.

Íslandsbanki skal leitast við að tryggja gagnsæja og sanngjarna framkvæmd í sínum verkum og tryggja viðeigandi aðgerðir vegna hugsanlegra hagsmunaárekstra innan bankans. Íslandsbanki starfar eftir stefnu bankans um ráðstafanir gegn hagsmunaárekstrum, reglum um ráðstafanir gegn hagsmunaárekstrum og reglum um bestu framkvæmd viðskiptafyrirmæla (*e. rules on best execution of orders*).

Íslandsbanki getur unnið fyrir tiltekna viðskiptavinum í verkefnum er tengjast sölu verðbréfa og vinnur þá í góðri trú með hagsmunum þess viðskiptavinar að leiðarljósi í samræmi við fyrirmæli hans.

### Meginreglur við úthlutun og verðlagningu:

Viðskiptavinir Íslandsbanka fara einir með ákvörðunarvald um endanlega stefnu um úthlutun, úthlutun til fjárfesta, verð á eignarhlut og aðra þætti sem snúa að sölu verðbréfa.

Ef viðskiptavinur Íslandsbanka hyggst fara í almennt útboð þá setur viðskiptavinurinn alla jafna fram meginreglur vegna úthlutunar og verðlagningu í lýsingu sem er birt í aðdraganda almenns útboðs í samræmi við kröfur laga nr. 14/2020 um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði. Í lýsingu áskilja viðskiptavinir sér ennfremur almennt rétt til að þess að víkja frá meginreglum varðandi úthlutun og skerða áskriftir og úthluta hlutum með þeim hætti sem viðskiptavinur telur æskilegt, þ.m.t. að hafna áskriftum að hluta til eða í heild án frekari skýringa. Ákvörðun viðskiptavinar um skerðingar og úthlutun til fjárfesta er almennt endanleg og hafa fjárfestar ekki rétt á frekari rökstuðningi fyrir úthlutun né geta þeir andmælt ákvörðun um skerðingar og úthlutun.

Í þeim tilfellum þegar viðskiptavinur hyggst fara í útboð sem ekki er almennt útboð í skilningi krafna laga nr. 14/2020 um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði, eru meginreglur vegna úthlutunar og verðlagningar almennt ekki settar fram með opinberum hætti af hálfu viðskiptavinar.

### Möguleg viðmið sem viðskiptavinur Íslandsbanka gæti litið til við úthlutun til fjárfesta:

- I. Áberandi (eða skortur á) endurgjöf fjárfestis í útboðsferlinu;
- II. Landfræðileg staðsetning fjárfestis;
- III. Lausafjárstaða fjárfestis;
- IV. Lágmarks- eða hámarksfjárhæðir úthlutunar;
- V. Markmið viðskiptavinar við útboðið;
- VI. Núverandi eign fjárfestis í útgefanda;
- VII. Tímasetning fjárfestis á þátttöku í viðskiptunum;
- VIII. Verð sem fjárfestir leggur fram við útboðið;
- IX. Æskilegar fjárfestatagundir fyrir viðskiptavin, til að mynda: „long-only“, vogunarsjóðir, einkafjárfestar;
- X. Öll önnur sjónarmið viðskiptavinar Íslandsbanka, hver sem þau kunna vera, eftir því sem á við samkvæmt mati viðskiptavinar.

Framangreindur listi yfir möguleg viðmið er ekki tæmandi talinn né er hann settur upp í mikilvægisröð/líkindaröð. Viðskiptavinur Íslandsbanka getur ákveðið að fleiri en eitt viðmið eigi við eða þá önnur viðmið eigi við sem eru ekki nefnd í þessu skjali.

**Sérstök athygli er vakin á því að viðskiptavinir Fyrirtækjaráðgjafar og Verðbréfamiðlunar Íslandsbanka hafa einir ákvörðunartökuvald á endanlegri verðlagningu, stefnu um úthlutun og úthlutun til fjárfesta. Þá hafa þeir fullt forræði á þeirri ákvörðun og hafa sjálfðæmi um hvort tekið sé mið að ofangreindum viðmiðum eða ráðgjöf Íslandsbanka um slíkt efni, sé slík ráðgjöf sett fram af hálfu bankans. Til viðbótar er vakin athygli á því að fjárfestar almennt hafa ekki kröfu á viðskiptavinum Íslandsbanka, eða Íslandsbanka sjálfan, að veittar séu skýringar eða rökstuðningur fyrir ákvörðun viðskiptavinar Íslandsbanka um endanlega verðlagningu, stefnu um úthlutun, endanlega úthlutun eða önnur atriði sem snúa að útboðum viðskiptavina Íslandsbanka.**

Allar frekar fyrirspurnir sem viðskiptavinur hefur um úthlutun og verðlagningu í tengslum við útboð verðbréfa skulu beinast að Fyrirtækjaráðgjöf og Verðbréfamiðlun.